

Ár 2007, fimmtudaginn 11. október kl. 8:30 er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands háð á skrifstofu Sigurðar G. Guðjónssonar, Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, af Sigurði G. Guðjónssyni, Guðmundi Péturssyni og Vilhjálmi H. Vilhjálmssyni

Fyrir er tekið:
Mál nr. 1/2007:
Ungmennafélagið Fjölur
gegn
aga- og úrskurðarnefnd KSÍ.

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

dómur.

I.

Mál þetta dæma Sigurður G. Guðjónsson, Guðmundur Pétursson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Hinn áfrýjaði úrskurður var kveðinn upp þann 18. júlí 2007 af aga- og úrskurðarnefnd KSÍ.

Ásgeir Heimir Guðmundsson formaður knattspyrnudeildar Ungmennafélagsins Fjölnis skaut úrskurðinum til áfrýjunardómstóls KSÍ þann 24. júlí 2007, og gerði þá kröfu fyrir hönd deildarinnar að hún verði hreinsuð af áburði um kynþáttafordóma.

Mál þetta, sem er agamál í skilningi II. kafla málsmeðferðarreglna reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál, verður að dæma samkvæmt nefndum málsmeðferðarreglum sbr. gr. 8.3 í reglugerð KSÍ um áfrýjunardómstól KSÍ og án þess að ný gögn verði lögð fyrir dómstólinn eða skýrslu aflað sbr. gr. 8.2 í síðastnefndri reglugerð.

Áfrýjunardómstóli KSÍ hafa borist þessi gögn frá skrifstofu KSÍ:

Nr. 1, ódagsett áfrýjun knattspyrnudeildar Ungmennafélagsins Fjölnis en móttekin af skrifstofu KSÍ þann 24. júlí 2007.

Nr. 2, ákvörðun aga- og úrskurðarnefndar KSÍ dags. 18. júlí 2007.

Nr. 3, ódagsett bréf knattspyrnudeildar Ungmennafélagsins Fjölnis til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ móttékið 20. júlí 2007.

Nr. 4, bréf aga- og úrskurðarnefndar KSÍ til knattspyrnudeildar Fjölnis dags. 24. júlí 2007.

Nr. 5, skýrsla Þórodds Hjaltalín jr., dómara um framkvæmd leiks dags., 16. júlí 2007 ásamt tölvupósti dags., 17. júlí 2007 til Birkis Sveinssonar frá ellert@n1.is en með nafni Arnar Bjarnarsonar undir.

II.

Málavextir eru þeir að í kjölfar leiks Fjölnis og ÍBV í 1. deild karla mánudaginn 16. júlí sl., skilað dómari leiksins Þóroddur Hjaltalín jr. skýrslu sinni um framkvæmd leiksins til

skrifstofu KSÍ. Í skýrslunni kom fram að framkoma áhorfenda að leiknum hefði verið óviðunandi. Sagði svo um þetta atriði í skýrslunni:

Framkoma stuðningsmanna Fjölnis í þessum leik var til háborinnar skammar. Ruddalegt og mjög særandi orðbragð í garð aðkomuliðs og dómara leiksins var algjörlega fyrir neðan allar hellur. Það er nú hægt að leiða ýmislegt hjá sér en orð einsog (tussa hóra mella) útrekað er alltof gróft. Svona var þetta í 90 mínútur og fengu menn að heyra það óþvegið.

Auk nafns dómara leiksins, Þórodds Hjaltalín jr., er að finna nafnið Örn Bjarnason á skýrslu dómara um framkvæmd leiks Fjölnis og ÍBV. Verður helst ráðið af framlögðum gögnum að Örn hafi verið eftirlitsmaður með dómurum leiksins samkvæmt 8. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnudómara og eftirlitsmenn. Hafi hann því haft það hlutverk að fylgjast með og gefa skýrslu um frammistöðu dómara og aðstoðardómara. Stjórn KSÍ og mótanefnd er þó heimilt sbr. gr. 8.3 í síðast nefndri reglugerð að auka við verkswið eftirlitsmanna og fela þeim að fylgjast með framkvæmd leikja og gefa skýrslu um háttvísimat þar sem við á. Verður því væntanlega að ætla að dómari og eftirlitsmaðurinn hafi staðið sameiginlega að gerð skýrslunnar um framkvæmd leiksins og gerð þeirrar athugasemdar sem þar er a finna um framkomu stuðningsmanna Fjölnis á leiknum. Örn Bjarnason virðist svo hafa sent skrifstofu KSÍ sérstaka skýrslu um framkomu áhorfenda á leik Fjölnis og ÍBV með tölvupósti kl. 15.26 þann 17. júlí 2007. Segir þar:

Varðandi leikinn í gær Fjölner-Í.B.V. þá vil ég koma á eftirfarandi athugasemdum varðandi framkomu lítils hóps af stuðningsmönnum Fjölnis, þessi hópur staðsetur sig fyrir aftan varamannaskýli Í.B.V. og hegðun hans gagnvart aðkomuliði og í garð dómara er að mínu áliti til háborinnar skammar fyrir Fjölni, þá er átt við mjög gróft orðbragð og móðganir sem ekki eiga að heyrast á veltinum og niðurlægjandi meidningar gagnvart lituðum einstaklingi í liði Í.B.V. þegar hann meiddist undir lok leiksins.

III.

Að fengnum framangreindum gögnum og án þess að bera efni þeirra undir knattspyrnudeild Fjölnis sendi aga- og úrskurðarnefnd KSÍ knattspyrnudeild Fjölnis bréf dags., 18. júlí þar sem segir:

Aga- og úrskurðarnefnd Knattspyrnusambands Íslands hefur borist skýrslur frá eftirlitsmanni KSÍ og dómurum varðandi framkomu stuðningsmanna Fjölnis í ofangreindum leik. Samkvæmt skýrslunum gerðu þessi aðilar sig seka um grófa kynþáttafordóma gagnvart leikmanni ÍBV og mikinn dónaskap gagnvart starfsmönnum leiksins.

Alþjóðaknattspyrnusambandið (FIFA) og Knattspyrnusamband Evrópu (UEFA) hafa á síðustu misserum útrekað lýst yfir áhyggjum vegna atvika á vettvangi knattspyrnunnar þar sem um er að ræða kynþáttafordóma. Því miður hafa komið upp atvik hér á landi sem flokkast undir kynþáttafordóma. Slíkt er í algjörrri andstöðu við stefnu KSÍ og ber að harma.

Í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót segir (grein):

- 1. Félög, iðkendur, forystumenn og aðrir skulu jafnan sýna drengskap og forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á íþróttinni og koma fram af hollustu, heiðarleika og sönnum íþróttanda. Þeir sem taka þátt í starfi knattspyrnuhreyfingarinnar skulu leitast við að gera ekkert það sem til vanvirðu má telja fyrir íþróttina.*

2. Sérhvert félag er ábyrgt fyrir framkomu leikamanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa hlutverk á vegum þess í tengslum við kappleik.

KSÍ hefur áður minnt aðildarfélög sín á að halda vöku sinni og gæta þess að íslensk knattspyrna verði aldrei vettvangur fyrir fordóma eða misrétti.

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ lítur mál þetta mjög alvarlegum augum og í samræmi við 13. gr. starfsreglna aga- og úrskurðarnefndar er knattspyrnudeild Fjölnis sektuð um kr. 30.000.- vegna framkomustuðningsmanna félagsins. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ gerir ennfremur þá kröfu til Knattspyrnudeildar Fjölnis að mál þeirra einstaklinga sem þarna áttu hlut að máli verði tekin föstum tökum þannig að atvik sem þessi endurtaki sig ekki.

Af hálfu Fjölnis var gerð athugasemd við þennan úrskurð aga- og úrskurðarnefndar KSÍ með ódagsettu bréfi, sem barst skrifstofu KSÍ þann 20.júlí 2007. Í bréfi þessu sagði m.a.

Ásakanir um kynþáttafordóma, hvað þá grófa kynþáttafordóma, eru svo alvarlegir að úrskurðir sem Aga- og úrskurðarnefndar kveður upp í slíkum málum hljóta að byggja á afar sterkum sönnunargögnum og að fyrir liggi nákvæmlega hvað sagt var svo nefndin geti lagt sjálfstætt mat á alvarleika þeirra ummæla. Ábyrgð Aga- og úrskurðarnefndar er því mikil í þessum efnum ekki síður en félaganna. Refsingin verður alltaf að vera í samræmi við það brot sem framið er. Með fyrrgreindum úrskurði er verið að dæma heilt félag, heilt hverfi fyrir kynþáttafordóma, því sektin beinist vissulega að félaginu sjálfu, í þessu tilviki Fjölni. Því hljóta þeir kynþáttafordómar sem framkomu hjá stuðningsmönnum Fjölnis að hafa verið mjög alvarlegir.

Þau ummæli sem fram koma í úrskurðinum um grófa kynþáttafordóma stangast hins vegar verulega á við það sem aðrir sem undirritaður hefur rætt við upplifðu. Engin af þeim ábyrgu einstaklingum sem rætt hefur verið við virðist hafa orðið varir við sérstaka kynþáttafordóma, hvað þá grófa kynþáttafordóma.

Til dæmis segir þjálfari ÍBV, Heimir Hallgrímsson, orðrétt á bls. 16, í DV þann 18. júlí sl., “:

Ég hef ekkert út á þessa áhorfendur að setja. Þeir voru kannski helst til orðljótir á stundum en það bitnar ekkert meira á útlendingum eða svertingjum heldur en öðrum mönnum. Mér fannst áhorfendurnir heilt yfir skemmtilegir þó það séu alltaf einhver orð sem fá að fljúga. Það bara fylgir og engir sérstakir kynþáttafordómar á ferðinni.

Þá segir sami Heimir orðrétt á bls. 8 í Morgunblaðinu þann 20. júlí sl:

Það var margt fyndið sem kom frá stuðningsmönnum Fjölnis sem studdu lið sitt.Mér fannst þeir skemmtilegir, sungu af krafti og studdu sína menn áfram eins og stuðningsmenn eiga að gera. Það gerist alltaf að einhverjir fara yfir strikið en margt af því sem íslensku leikmennirnir fengu á sig var miklu verra en það sem sagt var um Andrew. Það sem sagt var við hann voru ekki kynþáttafordómar, það er af og frá að halda því fram. Ég vil þó leggja áherslu á að ef það má segja niðrandi hluti um íslenska leikmenn verða erlendir leikmenn að sætta sig við það sama, hverrar þjóðar sem þeir eru og hver sem litarhátturinn er. Það verður sama yfir alla að ganga.

Að fengnu þessu bréfi tók aga- og úrskurðarnefnd málið til endurskoðunar. Ekki er þó ljóst á hvaða grunni sú endurskoðun fór fram. Að endurskoðun þessari lokinni sendi aga- og úrskurðarnefnd KSÍ Fjölni bréf þar sem sagði:

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ hefur farið aftur yfir gögn málsins og komst nefndin að þeirri niðurstöðu að úrskurðarorð nefndarinnar frá 17. júlí hafi verið harkalegri en tilefni gaf til hvað varðar þann þátt sem snýr að meintum kynþáttafordómum.

Aga- og úrskurðarnefnd biðst velvirðingar á þessu en ítrekar að úrskurður nefndarinnar um áminningu og sekt stendur óbreyttur vegna stuðningsmanna Fjölnis.

IV.

Samkvæmt þeim gögnum, sem að framan hefur verið vikið að, má ljóst vera að aga- og úrskurðarnefnd KSÍ hefur fallið frá þeirri upphaflegu ákvörðun sinni að stuðningsmenn Fjölnis hafi gerst sekir um grófa kynþáttafordóma gagnvart leikmanni ÍBV í leik Fjölnis og ÍBV þann 16. júlí 2007. Af bréfi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ frá 24. júlí 2007 verður hins vegar ekkert ráðið um það hvort stuðningsmenn Fjölnis hafi að mati nefndarinnar gerst sekir um kynþáttafordóma. Engin gögn liggja fyrir sem sanna að um kynþáttafordóma hafi verið að ræða af hálfu stuðningsmanna Fjölnis utan tölvupóst Arnar Bjarnasona eftirlitsmanns frá 17. júlí 2007. Er sá tölvupóstur ekki í samræmi við skýrslu dómara leiksins. En á henni er jafnframt að finna nafn eftirlitsmannsins. Með hliðsjón af þessu og yfirlýsingum þjálfara ÍBV eftir leikinn verður því ekki fallist á það að stuðningsmenn Fjölnis hafi verið með kynþáttafordóma gagnvart leikmanni ÍBV í leik liðsins við Fjölni þann 16. júlí 2007.

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ taldi hins vegar ekki efni til að endurskoða sektarákvörðun sína á hendur Fjölni, sem í upphaflega úrskurðinum er sögð byggð á 13. gr. starfsreglna aga- og úrskurðarnefndar. Tilvitnað ákvæði geymir enga refsheimild til handa aga- og úrskurðarnefnd KSÍ. Verður heldur ekki séð að aga- og úrskurðarnefnd KSÍ hafi aðrar refsheimildir en þær sem fram koma í 13. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Grein þessi fjallar um agaviðurlög og aðrar refsingar sem hægt er að beita leikmenn þjálfara, forystumenn knattspyrnuliða og áhorfendur enda gerist afhorfandi/áhorfendur sekur/sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, þjálfurum eða öðrum sbr. gr. 13.9.4.

Í máli þessu liggur ekkert fyrir um það að stuðningsmenn Fjölnis hafi á leik liðsins við ÍBV þann 16. júlí 2007 haft í fram vítaverða hegðun gagnvart leikmönnum, dómurum eða þjálfurum sem réttlæti sekt samkvæmt gr. 13.9.4 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Hins vegar liggur í máli þessu að hópur stuðningsmanna Fjölnis var mjög orðljótur á leik liðs þeirra við ÍBV þann 16. júlí 2007. En engin heimild er til að refsa félaginu vegna þeirrar hegðunar.

Samkvæmt þessu er það niðurstaða áfrýjunardómstólsins að hinum áfrýjaða úrskurði skuli hrundið.

Dómsorð

Hinum áfrýjaða úrskurði er hrundið.

Sigurður G. Guðjónsson

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson

Guðmundur Pétursson